

Alþingi
Erindi nr. P 131/1019
komudagur 8.3.2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2005.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 144/1994 um ársreikninga (480. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins er lúta að reikningsskilaaðferðum. Verslunarráð gerir hins vegar athugasemd við ákvæði um eftirlit og eftirlitsgjald.

Samkvæmt g-lið 51. gr. frumvarpsins, og athugasemdum við hana, virðist sem ársreikningaskrá sé falið annað og meira hlutverk en hún hefur nú vegna eftirlits með gerð ársreikninga. Þó kemur það ekki skýrt fram með hvaða hætti ársreikningaskrá er ætlað að framfylgja þeirri eftirlitsskyldu sinni en þó er eftirlitsgjald ákveðið í h-lið sömu greinar.

Verslunarráð telur að heppilegt væri að hafa fyrirkomulag eftirlits óbreytt fyrst um sinn. Tvennt þarf að skoða áður en breytingar eru gerðar í þessum efnum. Annars vegar það hvort að aukið eftirlit sé nauðsynlegt, en af frumvarpinu að dæma eru þau rök ein færð fyrir auknu eftirliti að sú sé stefnan í ESB. Slík rök eru hins vegar ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um eftirlitsreglur hins opinbera. Hins vegar þarf einnig að skoða, telji menn aukið eftirlit nauðsynlegt, hvort að ársreikningaskrá sé í stakk búin til þess að taka að sér svo sérhæft eftirlit sem hér um ræðir.

Að öðru leyti telur Verslunarráð rétt að velta því fyrir sér hvort að ákvæði um eftirlitsgjald sé ekki því marki brennt að vera hrein skattheimta. Þó að Verslunarráð telji að þjónustugjöld af ýmsum toga séu heppilegri kostur en skattheimta þá virðist nú svo komið að endalausum auknum kröfum um eftirlit hvers konar er jafnan mætt með gjaldtöku á atvinnulífið og það þó að eftirlitinu sé ætlað að vera neytendum til hagsbóta.

Verslunarráð leggur til að h-liður 56. gr. falli niður.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður A. Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is